

Samningur

um framlengingu og breytingar á kjarasamningi

Launanefndar sveitarfélaga

f.h. þeirra sveitarfélaga og annarra aðila sem hún hefur
sammingsumboð fyrir

og

Samflot bæjarstarfsmannafélaga,

f.h. eftirtalinna félaga:

Félag opinberra starfsmanna á Austurlandi

Félag opinberra starfsmanna á Suðurlandi

Félag opinberra starfsmanna á Vestfjörðum

Starfsmannafélag Dala- og Snæfellsnessýslu

Starfsmannafélag Hafnarfjarðar

Starfsmannafélag Húsavíkur

Starfsmannafélag Mosfellsbæjar

Starfsmannafélag Fjallabyggðar

Starfsmannafélag Seltjarnarness

Starfsmannafélag Skagafjarðar

Starfsmannafélag Vestmannaeyja

Starfsmannafélag Fjarðabyggðar

Gildistími: 1. desember 2008 – 31. ágúst 2009

1. grein

Breytingar á gildandi samningi

Samningur þessi gildir frá 1. desember 2008 til 31. ágúst 2009.

2. grein

Föst mánaðarlaun

Frá 1. desember 2008 tekur gildi launatafla sbr. fylgiskjal 1.

3. grein

Fyrirfram greidd laun

Grein 1.1.1.1 hljóði svo:

Föst laun skulu greidd eftir á, fyrsta virkan dag hvers mánaðar.

Starfsmaður sem ráðinn er með ótímabundinni ráðningu og starfað hefur samfellt í eitt ár getur óskað eftir fyrirfram greiðslu launa.

Þeir starfsmenn sem við undirritun þessa samnings eru á fyrirfram greiddum launum eiga rétt á að halda því fyrirkomulagi.

4. grein

Persónuálag vegna símenntunar

Grein 1.2.2 fellur burt.

Grein 10.2.2 hljóði svo:

Persónuálag vegna símenntunar.

Með vísan til greinar 10.2.1 skulu starfsmenn fá persónuálag vegna árlegrar þátttöku í símenntunaráætlun sem hér segir:

- 1 stig eftir 1 árs starf hjá sveitarfélögum.
- Samtals 2 stig eftir 5 ára starf hjá sveitarfélögum.
- Samtals 3 stig eftir 9 ára starf hjá sveitarfélögum.
- Samtals 4 stig eftir 15 ára starf hjá sveitarfélögum.

Forsenda persónuálags þessa er staðfest þátttaka í símenntunaráætlun stofnunar eða starfseiningar. Í janúar á ári hverju skal þátttaka í símenntunaráætlun næstliðins árs metin. Hafi starfsmaður ekki tekið fullnægjandi þátt í áætluninni missir hann það persónuálag sem hér um ræðir þar til endurmat fer fram að ári. Forsenda fyrir því að starfsmaður missi framangreint persónuálag er að sveitarfélag hafi gert starfsmönnum kleift að taka þátt í áætluninni.

Heimilt er forstöðumanni að meta símenntun sem sótt er með stuðningi Vísindasjóðs og/ eða endurmenntunarsjóðs sem hluta af þátttöku í símenntunaráætlun stofnunar/ starfseiningar.

Þeir starfsmenn sem hafa áunnið sér viðbótarálag vegna símenntunar fyrir gildistöku samnings þessa skulu halda því þar til grein þessi tryggir þeim samsvarandi eða betri kjör.

5. grein

Sérstök orlofsuppbót

Orlofsuppbót skal vera sem hér segir:

1. maí 2009 kr. 25.200.-

6. grein

Veikindi barna yngri en 13 ára

Grein 12.8.1 hljóði svo:

Foreldri, eða forsjármaður barns, á rétt á að vera frá vinnu í samtals 12 vinnudaga (96 vinnuskyldustundir miðað við fullt starf) á hverju almanaksári vegna veikinda barna sinna undir 13 ára aldri, enda verði annarri umönnun ekki við komið. Í þessum fjarvistum skal greiða starfsmanni dagvinnulaun og vaktaálag skv. reglubundinni varðskrá/vaktaskrá. Réttur þessi hefur ekki áhrif á rétt starfsmanns skv. öðrum greinum.

7. grein

Lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga A-deild

Grein 13.6.1:

Í samræmi við ákvörðun stjórnar Lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga, frá 22. september 2008, hækkar iðgjald vinnuveitanda í A deild sjóðsins úr 11,5% í 12,0% frá 1. janúar 2009 að telja.

Fyrsta málsgrein greinarinnar orðast því svo:

Starfsmenn sem heyra undir samning þennan skulu eiga aðild að Lífeyrissjóði starfsmanna sveitarfélaga. Sjóðfélagar greiða 4,0% af heildarlaunum í iðgjald til sjóðsins.

Launagreiðendur skuldbinda sig til að greiða til A-deildar það viðbótariðgjald sem nauðsynlegt er til þess að standa undir skilgreindum réttindum í A-deild sem frá 1. janúar 2009 er 12,0%.

8. grein

Ferðatími

Grein 5.7.8 hljóði svo:

Þegar starfsmenn ferðast með og annast nemendur og /eða skjólstæðinga á ferðalögum skal hver ferðadagur reiknast 12 klst., 8 dagvinnutímar og 4 yfirvinnutímar. Vegna næturgistingar á ferðalögum með nemendur og /eða skjólstæðinga greiðast auk þess 4 klst. í yfirvinnu.

9. grein

Styrktarsjóður BSRB

Frá og með 1. janúar 2009 hækkar framlag vinnuveitenda til Styrktarsjóðs BSRB um 0,20%, sem samtals verður þá 0,75% í stað 0,55%.

Grein 13.7.4.1 hljóði svo:

Iðgjald launagreiðanda skal nema 0,75% af heildarlaunum þeirra starfsmanna hlutaðeigandi launagreiðanda sem falla undir samkomulag þetta. Iðgjaldið skal greitt mánaðarlega eftir á skv. útreikningi launagreiðanda

10. grein

Gildistími og gildissvið

Samningur þessi gildir frá 1. desember 2008 til 31. mars 2009 vegna launaliða en vegna annarra þátta samningsins til 31. ágúst 2009.

Samningsaðilar skulu bera samning þennan upp til afgreiðslu innan tveggja vikna frá undirritun. Hafi gagnaðila ekki borist tilkynning um niðurstöðu fyrir 15. desember 2008 þá telst hann samþykktur.

Reykjavík, 29. nóvember 2008

F.h. samninganefndar LN
með fyrirvara um samþykki
Launanefndar sveitarfélaga

F.h. Samflots bæjar-
starfsmannafélaga
með fyrirvara um samþykki
hlutaðeigandi félagsmanna

Bókanir

með samningi

Launanevndar sveitarfélaga

f.h. þeirra sveitarfélaga og annarra aðila sem hún hefur samningsumboð fyrir

og

Samflots bæjarstarfsmannafélaga

undirrituðum 29. nóvember 2008

Bókun 1

Endurhæfingarsjóður

Samningsaðilar á almenna vinnumarkaðinum gerðu samkomulag í febrúar sl. um að hefja þróun nýs fyrirkomulags á endurhæfingu á árinu 2008 með því að stofna Endurhæfingarsjóð. Á hann að skipuleggja þjónustu og veita úrræði fyrir þá starfsmenn sem veikjast til lengri tíma og/eða slasast þannig að vinnugeta skerðist.

Frá og með 1. desember 2008 munu sveitarfélög, sem aðild eiga að launanevnd sveitarfélaga, greiða 0,13% af heildarlaunum inn á sérstakan biðreikning endurhæfingar í vörslu sveitarfélaganna. Þau munu hefja greiðslu í Endurhæfingarsjóð þegar formleg aðild þeirra hefur verið staðfest.

Bókun 2

Starfsmat

Samningsaðilar eru sammála um að skoða sameiginlega, á samningstímanum, hvernig til hefur tekist með innleiðingu og framkvæmd starfsmatskerfisins SAMSTARF og með hvaða hætti megi tryggja áframhaldandi þróun þess.

Bókun 3

Mannauðssjóður Samflots bæjarstarfsmannafélaga

Aðilar eru sammála um að á árinu 2009 verði unnið að endurskoðun fyrirkomulags starfsmenntunar með það að markmiði að í ársbyrjun 2010 liggi fyrir tillögur til samstarfsnevndar aðila um framtíðarskipan starfsmenntunar félagsmanna.

Bókun 4

Trúnaðarmannaskóli BSRB

Trúnaðarmenn geta sótt nám í Trúnaðarmannaskóla BSRB án skerðingar á 3. grein samkomulags um trúnaðarmenn (3 x 5 daga lotur).

Fylgiskjal
með samningi
Launanevndar sveitarfélaga
f.h. þeirra sveitarfélaga og annarra aðila sem hún hefur samningsumboð fyrir
og
Samflots bæjarstarfsmannafélaga
undirrituðum 29. nóvember 2008

Gildandi launatafla samkvæmt grein 1.1.1 hækkar á samningstímanum, sem hér segir:
Frá 1. desember 2008 hækka allar krónutölur í launatöflu um kr. 20.300.

Launaviðbætur þær sem heimilaðar voru tímabundið á tengitöflu starfsmats á 213. fundi
Launanevndar sveitarfélaga, þann 28. janúar 2006, hefur einnig verið bætt inn í krónutölur
viðeigandi launaflokka.

	1	2	3	4	5
Lfl.	byrjunarlaun	20 ára	25 ára	31 ára	36 ára
107	132.912	137.079	141.400	145.880	150.527
108	134.601	138.830	143.216	147.764	152.480
109	136.316	140.608	145.060	149.676	154.463
110	138.056	142.413	146.931	151.617	156.475
111	139.822	144.245	148.831	153.586	158.518
112	141.615	146.104	150.759	155.586	160.591
113	143.435	147.991	152.715	157.615	162.695
114	145.282	149.906	154.702	159.675	164.831
115	147.157	151.850	156.718	161.765	166.999
116	149.060	153.824	158.764	163.887	169.200
117	152.991	157.826	162.841	168.041	173.433
118	157.451	162.359	167.449	172.727	178.200
119	160.941	165.923	171.089	176.446	182.001
120	161.461	166.517	171.761	177.198	182.837
121	163.011	168.143	173.465	178.984	184.707
122	164.091	169.300	174.703	180.304	186.114
123	166.203	171.490	176.974	182.659	188.556
124	168.347	173.713	179.279	185.050	191.035
125	170.522	175.970	181.618	187.476	193.551
126	171.731	177.260	182.993	188.939	195.104
127	173.972	179.584	185.404	191.438	197.696
128	176.247	181.943	187.850	193.975	200.327
129	176.556	182.338	188.333	194.551	200.998
130	178.900	184.768	190.854	197.164	203.708
131	181.279	187.235	193.412	199.817	206.459
132	183.694	189.740	196.009	202.510	209.252
133	186.145	192.281	198.644	205.243	212.086

134	188.633	194.861	201.320	208.017	214.963
135	191.158	197.479	204.035	210.833	217.883
136	193.720	200.137	206.791	213.691	220.847
137	196.322	202.834	209.588	216.592	223.855
138	198.962	205.573	212.428	219.536	226.908
139	201.642	208.352	215.310	222.525	230.007
140	204.362	211.172	218.235	225.558	233.153
141	207.123	214.035	221.204	228.637	236.346
142	209.925	216.941	224.217	231.762	239.586
143	212.770	219.891	227.276	234.934	242.876
144	215.657	222.885	230.381	238.154	246.214
145	218.587	225.924	233.532	241.421	249.603
146	221.561	229.008	236.730	244.738	253.042
147	224.580	232.139	239.977	248.105	256.534
148	227.645	235.316	243.272	251.522	260.077
149	230.755	238.542	246.617	254.990	263.674
150	233.912	241.815	250.011	258.511	267.324
151	237.116	245.138	253.457	262.084	271.030
152	240.368	248.510	256.954	265.711	274.791
153	243.669	251.934	260.504	269.392	278.608
154	247.020	255.408	264.107	273.128	282.483
155	250.420	258.935	267.764	276.920	286.415
156	253.872	262.514	271.476	280.770	290.407
157	257.376	266.148	275.244	284.677	294.459
158	260.932	269.835	279.068	288.642	298.571
159	264.541	273.578	282.950	292.668	302.745
160	268.205	277.377	286.889	296.753	306.982
161	271.924	281.234	290.888	300.900	311.282
162	275.698	285.148	294.947	305.109	315.647
163	279.529	289.120	299.067	309.381	320.077
164	283.417	293.153	303.248	313.717	324.574
165	287.364	297.245	307.492	318.119	329.138
166	291.370	301.400	311.800	322.586	333.770
167	295.436	305.616	316.173	327.120	338.472
168	299.563	309.896	320.611	331.722	343.245
169	303.752	314.240	325.116	336.394	348.089
170	308.004	318.649	329.688	341.135	353.006
171	312.319	323.124	334.329	345.948	357.997
172	316.700	327.666	339.039	350.832	363.062
173	321.146	332.277	343.820	355.790	368.203
174	325.658	336.957	348.673	360.823	373.422
175	330.239	341.706	353.598	365.931	378.719